

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 21.11.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson(JV), Hannibal Kjartansson(HK), Guðmundur Daníelsson(GD), Hörður Úlfarsson(HÚ), Lúðvig Þorfinnsson(LP)

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Farið var yfir útistandandi mál síðasta verkfundar. Þau afgreidd að hluta. Eftir stendur að því sem snýr að samningum við fjarskiptafélög um aðstöðu. GD sinni málinu. Einnig á eftir að draga í rör í áfanga 6. HÚ og LP sinna því verki í upphafi viku 48.
- Jarðvinnu í áfanga 7 er lokið og blástur strengja langt kominn. Áætluð verklok áfangans eru í vikulok viku 48. Jarðvinna við áfanga 8 er á lokametrum og í kjölfar á blæstri í áfanga 7 verður hafist handa við áfanga 8. Áætluð verklok við áfanga 8 er í vikulok viku 49.
- Þar með verður hafist handa við áfanga 5. Sá áfangi er frá Flúðum að Laugum, um Skyggni, Hruna, Reykjadal og Reykjaflöt.
- Ákveðið að sleppa tengibrunni við Hruna. GD breytir gögnum.
- Farið var yfir verkáætlun. Verkefnið er á tímaáætlun hvað jarðvinnu snertir. Stefnt er að því að á næsta verkfundi (viku 49) verði vinna við blástur og tengingar einnig á tíma. Svo það verði þurfa mælingar vegna áfanga 7 og 8 að hafa borist verkkaupa í viku 49.
- Önnur mál ekki rædd.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD undirbýr samninga við fjarskiptafélög vegna aðstöðu.
- LP og HÚ skoða reikninga vegna aukaverka og koma með endurnýjað uppgjör í samræmi við útboðsgögn og einingaverð útboðs.
- HÚ Draga í rör í áfanga 6 í upphafi viku 48.
- GD færa breytingar vegna brunns við Hruna inn í teikninga og gögn.